

1. júní 1988

651

Nr. 282

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á skjaldarmerki
Hafnarfjarðar.

Með skírskotun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnist hér með að félagsmálaráðuneytið hefur í dag staðfest samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 24. maí 1988 um skjaldarmerki Hafnarfjarðar.

Samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar er svohljóðandi:

1. gr.

Skjaldarmerki Hafnarfjarðar skal vera ferkantaður skjöldur, breidd x, hæð 2x. Neðri horn hans skulu afrúnnuð. Á skildinum er viti með ljósgeislum til beggja handa. Í miðju vitahúsinu eru þrír ljórar. Undir vitanum eru tveir báruvaldar og þar undir er letrað **Hafnarfjörður**.



2. gr.

Notkun á skjaldarmerki Hafnarfjarðar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema á fánum sbr. 3. gr., myntsláttu sbr. 4. gr. og við bóka- og blaðaprent sbr. 5. gr.

Þá er heimilt að fella niður orðið **Hafnarfjörður** á barmmerkjum.

3. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins er skjöldurinn hvítur að lit. Útlínur vitans, ljósgeislanna, ljórararnir, báruvaldarnir og nafnið eru með kóngabláum lit.

Hátíðarútgáfu skjaldarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og á barmmerkjum. Á fánum skulu útlínur skjaldarins falla niður.

4. gr.

Á myntsláttu er heimilt að falla frá útlínunum skjaldarins.

5. gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að nota skjaldarmerkið við bóka- og blaðaprent og mega þá útlínur skjaldarins falla niður.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

B 46

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg